
Málað með orðum

Bókmenntir

Súsanna Svavarsdóttir

Völundarhúsið
Höfundur: Baldur Gunnarsson
Útgefandi: Fróði hf.



Baldur Gunnarsson

Löngu eftir stríðið hafði ströndin lítið breyst frá því þrælarnir gengu rekann og fátt bar vitni þúsund ára þjóð. Þó var skógurinn horfinn og ekkert minnti á hann lengur fyrir utan nöfnin á Viðey og Langholtsveginum. Aldrei var hægt að smíða neitt úr þessum litlu trjám nema bitabox og kannski hrífusköft en varla mublur og því síður hús en þó allra síst skip. Ekki dugðu þau betur til þess að kynda þetta kalda land og naumast til að ala sauðfé að marki. Þegar þau voru uppétin og brunnin hirti fólk mó og hjó í eldinn timburstokkana sem annað slagið rákust utaní landið. Svo leið fram á vélöld og fólkið fór að brenna kolum.

Þannig hefst saga holtsins inni við Kleppsspítala. Nokkrir fyrstu kaflarnir lýsa tæknilegri þróun þess — en í fimmtánda kafla vaknar líf. Tíminn er stuttu eftir seinni heimsstyrjöldina, ungur maður þeysir á mótorhjóli inn Laugardalinn. Fyrir aftan hann situr ung kona. Þau beygja inn Kleppsveg og nema staðar móts við Viðeyjarstofu. Þar er kartöfluskúr sem þau taka til við að gera upp — flytja inn í — byggja við — og eignast börn. Sagan fylgir einum syninum, Úlla, sem er í mjög náinni snertingu við umhverfi sitt og náttúru. Hann á vini; Óla og Magga, en þegar hann kynnist Morgan kafteini — sem ráfar um holtin — hverfur Úlli um stund á vit sagna hans og vitundar um sæfara og skip sem hafa á einhvern hátt háð örlagaríka baráttu á Viðeyjarsundi.

Kafteinn Morgan er heill sagnasjór — en samt er hann aðeins til í frásögn Úlla, það er að segja Úlli endursegir sögur hans; sögur sem hann í bernsku sinni hefur hlustað á opinmynntur og trúað. En eftir að Óli og Maggi segja honum að þær séu lygi hverfur Morgan út úr sögunni. Inn kemur Særún Björk, sem fær að heyra endursagnirnar — en hún lætur sér í léttu rúmi liggja, hvort þær eru sannar eða lognar. Í fjörukambinum er strandað skip. Þau Úlli og Særún bregða á leik og enn eitt ævintýrið verður til við Sundin.

Saga Úlla spannar mjög stuttan tíma af ævi hans; aðeins þá mánuði sem bernskan er endanlega að rjátlast af honum og hann hlýtur sína manndómsvígslu. Og eftir það hafa ævintýrin og holtið við Sundin ekki sama lit og áður; hann tekur sín fyrstu skref út í heiminn — sem er fyrsta kastið niðri í bæ. Hann hefur kynnst ástinni og hún hefur meira aðdráttarafl en allt annað.

En ekki er saga Úlla í forgrunni — hún á sér aðeins stað, þennan tíma sem holtin opna sig og segja sögur af því sem þau hafa heyrt og séð; því stíll sögunnar er svo gersamlega hlutlaus að það er eins og enginn sögumaður sé til staðar, heldur spretti þær upp úr grasinu, klettunum og fjörunni við sundin; örlagasögur sem landið hefur horft á — sögur sem eru öllum öðrum gleymdar. Þar ber hæst söguna af Friðriki sæfari sem kom á Súldinni, réðst á Viðeyjarklaustur, snemma á 16. öld, drap alla munkana og brenndi klaustrið. Sú saga er æði fyrirferðarmikil í bókinni. Þetta er ein af sögum Morgans kafteins, sem heldur því fram að í Viðey leynist fjársjóður sem munkarnir komu undan, þegar þeir fréttu af því að sjóræningjar nálguðust staðinn.

Það eru æði margar sögur í þessari bók, sem fléttast saman; sögur sem liggja grafnar og faldar í landinu og aðeins þeir sem leita vel geta komist á á slóð þeirra — þótt þeir geti aldrei fundið þær allar, því sjórinn hefur sorfið af landinu og í djúpunum eru staðir sem um aldir munu geyma fjársjóð af sögum sem hvergi hafa verið skráðar.


Það er margt forvitnilegt við þessa bók — en það verður að segjast eins og er, að hún er ekki mjög aðgengileg. Það er mikið lagt upp úr hlutlausum stíl og lesandinn horfir á hana eins og úr „glugga í blokk við Kleppsveginn". Persónurnar eru nánast aukaatriði; fremur myndir en manneskjur og má kannski lýsa stílnum þannig að „höfundur máli með orðum". Frásögnin er mjög litrík, en verður á köflum flöt og leiðigjörn, vegna þess hve persónurnar og mannlífið eru víkjandi fyrir — oftar en ekki — ofhlöðnum viðhafnarstíl, rétt eins og verið sé að flytja ræður á merkum tímamótum. Orðkynngin í lýsingum á náttúrunni eru þreytandi og svo mikið lagt upp úr að flétta saman sögur, að lesandinn missir áhuga á persónum og atburðum. Stíllinn er það sem lagt er upp úr í sögunni; stundum ljóðrænn og fallegur en efnið er of mikið aukaatriði til að sagan nái að hrífa mann með.

Raunsær og hreinskilinn

Bókmenntir

Erlendur Jónsson

Dr. Gunnlaugur Þórðarson: ÆVIBROT. 228 bls. Setberg. Reykjavík, 1990.



Dr. Gunnlaugur Þórðarson

Það er mikill vandi að skrifa ævisögu. Í flestum tilvikum er það votturn um hégómleika og sjálfsálit, líkt og ævi ritarans hafi verið miklu merkari en flestra annarra. Höfundum slíkra verka hættir oft til að vera sjálfumglaðir og um leið óhreinskilnir og segja aðeins frá því, sem varpa kann ljóma á þá sjálfa.«

Undarleg byrjun á ævisögu, ekki svo? Orð þessi er þó auðvelt að samþykkja, og það með áherslu. Með upphafi þessu er höfundur að setja sér vinnureglu. En er þá treystandi að hann fari eftir henni sjálfur? Getur þetta ekki verið enn ein aðferðin til að villa um fyrir lesandanum þar sem enginn nema höfundurinn sjálfur getur í raun metið sannleiksgildi eigin orða? Hver veit hvað hann segir *ekki?*

En hér geta átt við orð Sigurðar skólameistara: manni er ekki sjálfrátt hverjum hann treystir og hverjum ekki. Dr. Gunnlaugur Þórðarson hefur kynnt sig sem raunsæjan mann og hreinskilinn. Sá er og kostur þessara endurminninga að maðurinn er ekki að greina frá hverju skrefi sem hann hefur stigið á lífsleiðinni. Hér er nokkuð glöggllega greint á milli aðalatriða og aukaatriða. Og ekki er allt, sem hann segir um sjálfan sig, upphefjandi að almennu mati. Niðurstaðan verður því sú að hér sé ekkert verið að sýnast og látast.

Höfundur segist oft hafa hugleitt »hve líf okkar er stutt og skrítið ævintýri«. Ævintýramaður hefur hann þó ekki verið, að minnsta kosti ekki í venjulegum skilningi. Stutt má líf hans virðast því hann hefur lifað hratt. Og með virkri þátttöku sinni í lífinu má segja að hann hafi *gert* sér það að ævintýri. Stundum hefur hann vart sést fyrir í ákafanum. Enda ekki unað logninu. Kringum hann hefur alltaf verið líf og hreyfing.

Dr. Gunnlaugur nam í París, sótti þangað nafnbót sína sem hann notar feimnislaust. Sem kunnugt er hefur París lengi verið miðpúntur menningarheimsins. Menntastéttin franska byggir á langri hefð. Þar má dr. Gunnlaugur hafa tileinkað sér frjáls viðhorf: að virða hvert málefni án hliðsjónar af áliti annarra, komast að eigin niðurstöðu, óháð kreddum og flokkslínum. Þess háttar afstaða er oft misskilin á landi hér þar sem menn eru vanir að elta hver annan hugsunarlaust. Dr. Gunnlaugur segist t.d. hafa »mestu ótrú á skjali sem fleiri en fimm skrifa undir, og alveg sérstaklega skipulögðum undirskriftasöfnunum«. Þessi skoðun er meðal annars studd skringilegri endurminningu. Þegar hann var ritari orðunefndar barst honum eitt sinn bréf, undirritað af nokkrum mektarmönnum, þar sem til þess var mælst að nafngreindur maður yrði sæmdur orðu. Næstu daga hringdu hinir sömu sem skrifað höfðu undir bréfið, hver úr sínu horni, og trúðu ritaranum fyrir því að eiginlega væri þeim ekkert kappsmál að téður maður fengi téða orðu!


Dr. Gunnlaugur hefur alltaf verið unnandi fagurra lista. Hann hefur og verið vinur eða kunningi margra listamanna. Listin er mikið til umræðu í endurminningum þessum.

Doktorsritgerð sína skrifaði hann um landhelgi Íslands. En landhelgin var honum nokkru meira en fræðigrein. Hún varð honum baráttumál og ástríða. Einnig þau mál skipa hér ærið rúm.

En hvort sem nú maðurinn fjallar um listir eða landhelgi — eða bara daglegt líf — leynir sér ekki að hann hefur alltaf hugsað stórt. Sem kornungur maður gegndi hann um skeið virðulegu embætti: hann var ritari hjá fyrsta forseta lýðveldisins. Síðan hefur þjóðfélagið ekki falið honum nein meiri háttar hlutverk. Fyrir bragðið hefur hann getað leyft sér að segja það sem hann hugsar.

Sigfús Halldórsson

Kveðja mín til Reykjavíkur



„Kveðja mín til Reykjavíkur"

List og hönnun

Bragi Ásgeirsson

Það má segja um málarann Sigfús Halldórsson, að hann njóti sín best, er hann málar af fingrum fram, á svipaðan hátt og sagt er, að bestu lög tónskáldsins Sigfúsar Halldórssonar verði til.

Og ekki þarf að greina frá því hér, að um sama manninn er að ræða og þjóðkunnan í báðum tilvikum.

Sigfús varð sjötugur í septemberer sl., og í tilefni þess er komin út bók í stóru broti um málarann og lífslistamanninn Sigfús Halldórsson, auk þess sem tónsmíðum hans eru gerð skil á plötu, sem fylgir bókinni og er haganlega komið fyrir aftast í henni.

Það má alveg segja, að stærð bókarinnar markist frekar af stærð plötunnar en myndanna og að þannig vinni þessir tveir ásar í lífsverki listamannsins saman, — hafi tekist bróðurlega í hendur.

Myndirnar í bókinni bera það með sér, að leikurinn hafi staðið nær huga Sigfúsar en djúp og yfirveguð vinnubrögð og að bestu myndir hans hafi sprottið fram eins og af sjálfu sér, komið óforvarandis líkt og fljótandi á fjöl.

Ég segi þetta vegna þess að við hlið tækifærismynda, þar sem Sigfús er eins og í sporum sagnaritarans, þá verða til myndir, þar sem svo er sem listamaðurinn hafi gleymt stað og stund og eins og látið skynjunina og sérstakan hugblæ augnabliksins stýra pentskúfnum. Mjög glögg dæmi um þetta eru t.d. myndirnar Duushús í Keflavík (1957), Í Gufunesi (1967) og Hús Þorleifs Jónssonar póstmeistara (1983). Allar myndir frá ólíkum tímaskeiðum, sem svipaður ferskleiki prýðir.

Myndræna gildið verður þá yfirsterkara hinni sannferðugu mynd af viðfangsefninu, en við það eykst um leið hið sálræna samband, sem eykur ris og jafnvel heimildargildi myndarinnar.

Námsferill Sigfúsar í leikmyndagerð á óefað heilmikinn þátt í því, að svo er sem hann skynji umhverfið sem sviðsmynd, eða hluta sviðsmyndar, en um leið eru í þeim sterkir taumar til hins liðna og þess sem er að hverfa.

Sigfús kemur til dyranna eins og hann er klæddur og segir hreint út, að hann máli fyrir fólkið, en ekki bara fyrir sjálfan sig, svo sem margur málarinn segist gera, hvernig sem slíkt er hægt, því að öll list er í kjarna sínum miðlun. En menn tjá sig á mismunandi hátt, og heimur Sigfúsar er vissulega hluti samtíðar hans, — framhjá því verður ekki gengið.

Bókin er engin listfræðileg úttekt, þótt ýmsir nafnkenndir málarar og hönnuðir hafi lagt henni lið. Hún er fyrst og fremst frásögn um manninn Sigfús Halldórsson í formi brotabrota af lífsferli hans. Textanum er ætlað að vera léttur og skemmtilegur og halda hinum almenna lesanda vakandi, þeim hinum sömu og festa sér myndir hans, sem vísast myndu síður endast yfir skipulögðum og djúpum hugleiðingum.

Fyrir sumt er texti Jónasar Jónssonar líkastur löngu og kumpánlegu blaða- eða útvarpsviðtali, þar sem áherslur og lýsingarorð eru ekki spöruð. Listamaðurinn er alltaf í næsta nágrenni tilbúinn að skjóta inn orði, og þar sem þetta nefnist kveðja hans til Reykjavíkur, má það telja við hæfi.

Hér er þannig án vafa komin góð kynning á málaranum og tónskáldinu Sigfúsi Halldórssyni, svo sem samtíðin þekkir hann og metur.

Allur frágangur bókarinnar er hinn vandaðasti, og einkum er bandið með fljúgandi gullflugunni á dimmgrænum grunni hið fegursta. Mynd á kápu er táknræn, en ég hefði persónulega valið aðra mynd og auk þess er letrið fullhart og ekki í samræmi við myndina. Það var þó trúlega tilgangurinn að samræma hér bókarkápu og plötuumslag. Setji maður myndina framan á skrá sýningar listamannsins á Kjarvalsstöðum yfir kápumyndina, fær maður allt aðra og heillegri úrkomu.

Ritstjórn verksins önnuðust þeir Indriði G. Þorsteinsson, sem ritar stuttan formála, Einar Hákonarson og Guðmundur Sæmundsson. Megintexta bókar skrifar Jónas Jónsson, val á myndverkum önnuðust auk höfundar Jón Reykdal og Torfi Jónsson og tel ég að það hefði mátt vera markvissara. T.d. skil ég ekki hví hinar athyglisverðu myndir frá námsárunum í Oxford skuli vera aftast í bókinni. Hefði þessi eftirmáli og stutta kynning Guðmundar Sæmundssonar, á dönsku og ensku, allt eins mátt tengjast upphafi bókarinnar, sem kynning og með breyttu orðalagi og vera þá á íslensku en útlagningin aftast. Þá saknar maður nafnaskrár.

Val laga á plötu önnuðust þeir Jón Þór Hannesson, Guðni Þ. Guðmundsson og Friðbjörn G. Jónsson. Jens Alexandersson er ábyrgur fyrir ljósmyndun myndverka og Torfi Jónsson sá um útlitshönnun og hafa báðir unnið verk sitt af kostgæfni. Prentvinnu annaðist Prenthúsið sf. og Oddi hf.